

Mánudagur	31. okt.	Prófdagur	Enska
Þriðjudagur	1. nóv.	Prófdagur	Danska - málskilningur og ritun
Þriðjudagur	1. nóv.	Próf í Þjóðfélagsfræði afhent (skil kl. 8 miðvikud 2. nóv)	
Miðvikudagur	2. nóv.	Á skólatíma	Danska hlustun - Stafsetning/Íslenska
Miðvikudagur	2. nóv.	Á skólatíma	Enska- óreglulegar sagnir
Fimmtudagur	3. nóv.	Á skólatíma	Stærðfræðipróf 2 kennslutímar
Föstudagur	4.nóv.	Á skólatíma	Íslenska - 2 kennslustundir
Mánudagur	7. nóv.	Á skólatíma	Náttúrufræði 10.P
Þriðjudagur	8. nóv.	Á skólatíma	Náttúrufræði 10.K

Mánudag 31. okt. og þriðjudag 1. nóv. eru prófin frá kl. 08:00-10:00 og nemendur fara heim að þeim loknum.

Nemendur sem eru í FS þurfa þó að mæta í tíma á miðvikudeginum. Rútan fer frá skólanum á sama tíma og venjulega.

Aðrir dagar eru hefðbundnir skóladagar.

Vitnisburður verður afhentur samskiptadagana 15.-17. nóvember. Viðtalstímar verða sendir út síðar.

Ný mætingareinkunn tekur gildi 8. nóvember.

Danska: Uppbygging prófs:

Skilningur á mæltu máli:	25%	Ath, stigin gætu breyst
Skilningur á rituðu máli:	55%	eitthvað smávegis
Málnotkun:	25%	stílar

Ekko:

Textabókin bls. 14 - 27

Vinnubók bls 29 - 56

Svarta grammatikheftið og bleika blaðið og ljósritað málfræðihefti, ljósritað efni, skoða danskar síður á netinu, horfa á danskar myndir

Í sjálfu prófinu eigið þið að nota orðaforða af bleika blaðinu og úr lesnum textum í Ekko.

Lærið utan að 10-15 no, lo, so og annan orðaforða. Þið getið alltaf sveigt ykkar orðaforða að fyrir mælum í stílunum!

Hafið sagnirnar, kennslubækurnar, stíla og glósur um málfræði til taks Undirbúið ykkur með t.d. eftirfarandi í huga:

útlit, aldur, áhugamál, íþróttir og hreyfingu, skólann, mat, fyrirmyndir, framtíðina, líðan, vini og svona

almennt um daglegt líf og allt það sem ykkur annars dettur í hug að gæti komið að gagni.

Búið til 2 - 3 stíla um daglegt líf og hafið öll ofanefnd gögn uppi við.

Náttúrufr.: Til prófs er 2.kafli í bókinni Sól, tungl og stjörnur. Nemendur eiga að fara vel yfir hugtakakort og allar glósur. Skoða einnig þau verkefni sem unnin hafa verið samhliða lesefninu.

Enska:

Almennur hópur

Framhaldshópur tekur sama próf og almennur hópur

Ensk málfræði 1,2,3 verkefni sem búið er að fara í (merkt með ///).

Lestextarnir (ævintýri og fréttatextar eru til prófs ásamt glósum úr þeim og orðaforða).

Ólesinn texti (gamalt samræmt próf, fréttatexti eða slíkt) í skilningi á rituðu máli 30%,

málfræði/stafsetningu 10%, skilningi á mæltu máli (hlustun) 20% og glósupróf 20% úr Classical Litterature.

Bækur og námsgögn til prófs:

Ensk málfræði 1,2 og 3

Classical Literature - 5 fyrstu sögurnar

T'n'T English

Fréttatextar

Próf í óreglulegum sögnum er síðan miðvikudaginn 2. okt (tímapróf).

Enska:

Hópur 2 (enska)

Tekur styttra próf þó með sömu hlustun. Prófið verður af léttara þyngdarstigi.

Námsefni:

Ensk málfræði 1,2,3 fyrsta þyngdarstig (//), ævintýri (einfaldari), Oxford Picture Dictionary ásamt einföldum atriðum úr verkefnum sem nemendur hafa verið að vinna í.

Próf í óreglulegum sögnum er síðan miðvikudaginn 2. Nóv. (tímapróf).

Stærðfræði:

Fyrir prófið skal fara vel yfir 1. - 3. kafla í bókinni bls. 4 - 96 Gott að skoða aftast í hverjum kafla ef ykkur vantar reglur í hverjum kafla.

Í þessu prófi geta komið alls kyns dæmi sem nemendur hafa leyst í yngri bekkjum og því er gott að rifja vel upp grundvallaratriði sem eru í lok hvers kafla í bókinni.

Nemendur fá formúlublað með sér heim og mega bæta á það formúlum og koma með í prófið.

Nota má reiknivél í öllu prófinu en sýna þarf alla útreikninga þar sem það á við.

Námsþættir í stærðfræði sem þarf að kunna:

- * Ferningstölur.
- * Ferningsrætur (kvaðratrót).
- * Rétthyrndir þríhyrningar.
- * Regla Pýþagórasar.
- * Námundun og meðaltal.
- * Prósentureikningur.
- * Notkun reiknivélar (samlagning, frádráttur, deiling, margföldun, veldi, röð aðgerða).
- * Hverjar eru líkurnar, einfaldar líkindatílaunir og endurteknar líkindatílaunir.
- * Lausn á einföldum jöfnum.
- * Ummál og flatarmál marghyrninga og hrings, hornasumma hyrninga.
- * Mælieiningar (metra/kílógr./lítrar) og breytingar milli eininga.
- * Vita hvað ummál, flatarmál, radíus, þvermál og pí (3,14) er.

Íslenska: Uppbygging prófs

Prófaeinkunn úr lotunum tveimur gildir sem prófseinkunn á þessari önn.

En að auki taka nemendur tímapróf úr nafnorðum, lýsingarorðum, fornöfnum, töluorðum, forsetningum, atviksorðum, samtengingum.

Allar upplýsingar um þessi hugtök eiga nemendur í glósum 1og 2 ásamt því sem þeir hafa skrifað niður af töflu.

Atriðalista fá nemendur í hendur.

Þjóðfélagsfræði: Heimapróf

ATH: Allir nemendur taka prófið á sama tíma, hver í sínu lagi. Prófið verður afhent í skólanum þriðjudaginn 1. nóv og allir nemendur eiga að skila heimaprófinu í skólanum næsta dag kl. 8.00.

Í heimaprófum gilda ákveðnar ófrávíkjanlegar reglur. Allir byrja á sama tíma og skila á sama tíma.

Sé nemandi af einhverjum ástæðum ekki í skólanum á skiladegi biðjum við forráðamenn um að standa skil á prófinu með því að koma því í skólann.

Munið að prófin á þessari önn gilda 22% og starfseinkunn um 11% af SKÓLAEINKUNN í 10.bekk sem notast við þegar sótt er um framhaldsskólana í vor.

Gangi ykkur vell!

Kristín og Palli